

aðila sem skattlagðir voru á grundvelli V. kafla laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.

Ákvæði II. kafla laga þessara sem taka til fasteignaskatts skulu jafnframt gilda um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði samkvæmt þessu ákvæði eftir því sem við getur átt.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvæðis þessa.

Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa unnið að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að þessi sérstaki viðbótarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 26. gr. skulu sveitarstjórnir hafa frest til 15. janúar 1994 til að ákveða hvaða hundradshluti verði lagður á tekjur manna á því ári.

Tilkynning til fjármálaráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal hafa borist eigi síðar en 20. janúar 1994. Berist tilkynning sveitarstjórnar ekki innan þess frests skal miða við ákvörðun ársins 1993 að viðbættu 1,5% en þó skal útsvarið að lágmarki vera 8,4%.

Innheimtuhlutfall útsvars í janúarmánuði 1994 skal miða við ákvarðað útsvar sveitarstjórna á árinu 1993 að viðbættu 1,5% en þó skal það að lágmarki vera 8,4%.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1994 og ákvörðun staðgreiðslu á því ári.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 90/1990, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Í fjarveru Friðriks Sophussonar fjármálaráðherra hefur Davíð Oddssyni forsætisráðherra verið falið að gegna störfum fjármálaráðherra um stundarsakir.

Forsætisráðuneytið, 27. desember 1993.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.